

Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Áratugum saman hefur verið talað fyrir mikilvægi þess að koma á fót rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins sem yrði leiðandi í rannsóknum á lífsskjörum launafólks í landinu. Með það að leiðarljósi var Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins stofnuð í lok maí 2020 af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. Grundvöllurinn að stofnun Vörðu endurspeglast í sameiginlegum markmiðum heildarsamtakanna tveggja um að skapa víðtæka þekkingu á lífsskilyrðum fólks, byggja brú á milli fræðasamfélagsins og verkalýðshreyfingarinnar sem og að hvetja til sjálfstæðra rannsókna sem hafa þýðingu fyrir launafólk.

Auk þess að sinna rannsóknarþjónustu fyrir aðildarfélög ASÍ og BSRB, hefur Varða tekið að sér fjölbreytt rannsóknarverkefni er varða lífsskjör fólks. Þrátt fyrir ungan aldur hefur stofnunin nú þegar gefið af sér afurðir sem bæta þekkinguna á vinnumarkaði og lífsskilyrðum fólks í víðu samhengi.

Könnun um stöðu launafólks á Íslandi

Varða hefur í tvígang staðið að könnun um stöðu launafólks á Íslandi¹ en hún er opin öllu félagsfólki aðildarfélaganna ASÍ og BSRB. Könnunin nýtur sérstöðu þar sem hún nær til mikils fjölda fólks en í bæði skiptin voru svarendur tæplega 9.000 talsins. Auk þess er það einstakt í hérlandu samhengi hversu hátt hlutfall svarenda er af erlendum uppruna. Hátt í 20% þeirra sem svöruðu nýjustu könnuninni voru af erlendum uppruna og endurspeglar hún því vel raunverulega samsetningu vinnumarkaðarins hvað það varðar.²

Könnunin miðar að því að afla upplýsinga um fjárhagslega stöðu launafólks og stöðu þeirra á húsnæðismarkaði. Einnig hafa áhrif faraldursins á starfsskilyrði fólks auk heilsu þeirra og líðan verið í brennidepli síðustu fyrirlagna. Hluti könnunarinnar samanstendur af föstum spurningum sem gerir árlegan samanburð á stöðu launafólks mögulegan, en einnig er spurt um þætti sem endurspeglar mikilvæg málefni líðandi stundar og gefa niðurstöðurnar því góða innsýn í stöðu launafólks á Íslandi.


¹ Staða launafólks á Íslandi, sjá <https://www.rannvinn.is/skýrslur>

² Fjöldi starfandi samkvæmt skráum eftir mánuðum, kyni, aldri og bakgrunni 2005-2022, sjá https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnuaflskraargogn/VIN10001.px

Seinni könnunin var lögð fyrir í lok árs 2021 en niðurstöður hennar leiddu í ljós að nær þriðjungur svarenda glímdi við erfiða fjárhagstöðu það árið og voru það hlutfallslega fleiri frá því árinu áður. Jafnframt töldu fjórir af hverjum tíu sig ekki geta mætt óvæntum 80 þús.kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Fjárhagsstaða og andleg heilsa innflytjenda var verri en innfæddra en fjárhagsstaða einstæðra foreldra reyndist þó verst. Niðurstöður kannananna má nálgast á heimasíðu Vörðu³

Staða NEET-hópsins á Íslandi

Verkefni Vörðu hafa verið fjölbreytt síðastliðin tvö ár enda á mörgu að taka þegar kemur að lífskjörum, hvort sem um er að ræða kjör launafólks eða þeirra sem standa utan vinnumarkaðar. Varða hefur meðal annars greint stöðu og bakgrunn ungmenna sem tilheyra hinum svokallaða NEET hópi, þ.e. ungmenni sem standa utan vinnumarkaðar og skóla, með áherslu á stöðu ungmenna af erlendum uppruna⁴. Að auki var upplifun og reynsla ungra kvenna af erlendum uppruna sem staðið hafa utan vinnumarkaðar og skóla skoðuð sérstaklega⁵.



Mynd 1 Umfang og samsetning NEET hópsins: Þróun á tímabilinu 2014-2020

Niðurstöður greiningarinnar sýndu að þótt þróun á fjölda í NEET-hópnum virðist vera nátengd stöðunni á vinnumarkaði eru ákveðnir bakgrunnspættir sem hafa mikil tengsl við virkni ungmenna. Bakgrunnspættir á borð við kyn, aldur, menntunarstig, félags- og efnahagslega staða foreldra og fjölskyldugerð hafa til að mynda nokkurt forspárgildi um virkni ungmenna og hvort þau tilheyra NEET-hópnum eða ekki. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að

³ Staða launafólks á Íslandi, sjá <https://www.rannvinn.is/skýrslur>

⁴ NEET-hópurinn, sjá <https://www.rannvinn.is/skýrslur>

⁵ Upplifanir og reynsla ungra NEET-kvenna af erlendum uppruna, sjá <https://www.rannvinn.is/skýrslur>

tækifæri og aðstæður ungmenna á Íslandi væru mjög breytilegar eftir uppruna þeirra. Þannig er umfang NEET-hópsins töluvert meira í hópi ungmenna af erlendum uppruna en meðal innfæddra.

Niðurstöður rannsóknarinnar á upplifunum og reynslu ungra NEET-kvenna af erlendum uppruna varpaði að sama skapi ljósi á þær margþættu hindranir sem þær verða fyrir í íslensku samfélagi í gegnum kerfisbundna aðgangsstýringu og útilokun. Fólust hindranirnar meðal annars í viðhorfi og viðmóti Íslendinga í garð innflytjenda sem konurnar upplifðu niðurlægjandi og útilokandi, en einnig upplifðu þær stofnanabundnar hindranir sem einna helst virtust aftra þeim frá ríkri samfélagslegri þátttöku. Birtingarmyndir þessara hindrana eru fjölþættar og tengjast vinnumarkaði, menntakerfi, fjárhag og aðgengi að öðrum gæðum samfélagsins í gegnum kröfu um íslenskukunnáttu. Krafan um íslenskukunnáttu var rauður þráður í öllum frásögnum og tengist samfélagslegum og stofnanabundnum hindrunum órjúfanlegum böndum.

Mikilvægi samstarfs við stéttarfélög ASÍ og BSRB, ytri stofnanir og fræðasamfélagið

Varða hefur átt því láni að fagna að vera í góðu samstarfi við fjölda aðildarféлага ASÍ og BSRB og einnig við ytri stofnanir og fræðafólk í verkefnum sínum. Slíkt samstarf hefur verið eitt af leiðarljósum Vörðu með það að markmiði að bæta þekkingu á lífsskilyrðum fólks í landinu.

Varða framkvæmdi til að mynda umfangsmikla könnun fyrir Öryrkjabandalag Íslands um stöðu fatlaðs fólks á Íslandi⁶. Slík rannsókn hafði ekki verið framkvæmd um árabil og niðurstöðurnar voru vægast sagt sláandi. Könnuninni svöruðu tæplega 1.500 manns og leiddi í ljós að fjárhagsstaða fatlaðs fólks væri verulega slæm og þá ekki síst þeirra með börn á framfæri. Fjórir af hverjum tíu búa við skort á efnislegum gæðum og ríflega átta af hverjum tíu hafa þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu. Þess utan finnur mikill meirihluti svarenda fyrir félagslegri einangrun og fordómum.

Yfirstandandi samstafsverkefni Vörðu eru af ýmsu tagi. Í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu, Jafnréttisstofu, Kvennaathvarfið, Vinnueftirlitið og 112 er verið að vinna að gerð fræðslumyndbanda um heimilisofbeldi og mansal en það er liður í því að auka fræðslu um málefnið á vettvangi allra samstarfsaðilanna. Þá tekur Varða þátt í umfangsmiklu rannsóknarverkefni um stöðu kvenna í láglaunastörfum. Rannsóknin er unnin undir stjórn Berglindar Hólm Ragnarsdóttur, lektors við Háskólann á Akureyri, ásamt teymi fræðikvenna við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.

⁶ Staða fatlaðs fólks á Íslandi, sjá <https://www.rannvinn.is/skýrslur>

Samstarf Vörðu við aðildarfélög ASÍ og BSRB, fræðasamfélagið og ytri stofnanir hefur verið gæfuríkt og skilað góðum árangri á fyrstu tveimur starfsárum stofnunarinnar. Með auknu samstarfi á komandi árum verður það grundvöllurinn að frekari þróun og þekkingarsköpun til framtíðar.

Grein birt í 34. tbl. Vísbendingu